

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 751/2002 um tilteknar epoxy afleiður til notkunar í efni og hluti sem ætlað er að snerta matvæli.

1. gr.

3. gr. hljóðar svo:

Efni og hlutir sem ætlað er að snerta matvæli skulu ekki gefa frá sér efni sem talin eru upp í viðauka 1 í magni umfram það sem þar er tilgreint. BADGE skal ekki vera til staðar í efnum og hlutum sem ætlað er að snerta matvæli eftir 31. desember 2005. Efni og hlutir sem ætlað er að snerta matvæli skulu ekki gefa frá sér efni sem talin eru upp í viðauka 2 í magni sem, að viðbættu BADGE og afleiðum þess sem taldar eru upp í viðauka 1, er umfram það sem tilgreint er í viðauka 2.

BFDGE skal ekki vera til staðar í efnum og hlutum sem ætlað er að snerta matvæli eftir 31. desember 2004.

2. gr.

5. gr. hljóðar svo:

Skilyrðin sem koma fram í 3. gr. og 4. gr. gilda ekki um efni og hluti sem ætlað er að snerta matvæli og skilgreindir eru í b) og c) lið 2. gr. og komu á markað fyrir 1. mars 2003. Slík efni og hluti sem ætlað er að snerta matvæli má setja á markað að því tilskildu að þökkunardagur komi fram á umbúðum í samræmi við reglugerð um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla nr. 588/1993, með síðar breytingum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðar breytingum og til innleiðingar á tilskipun 2004/13/EB um breytingu á tilskipun 2002/16/EB sem vísað er til í tölul. 54zzi, XII. kafla, II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2004, þann 24. september 2004.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 17. nóvember 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.